

Samkomulag ASÍ og SA um tilhögun réttinda við breytingar réttindaávinnslu yfir í aldurstengd réttindi

Þeir lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ og SA sem breyta úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda ávinnslu skulu veita sjóðsfélögum sem flytjast milli sjóða og greitt hafa iðgjöld í full 5 ár til lífeyrissjóðs eða lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA með jafna réttindaávinnslu, rétt til þess að greiða iðgjöld til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs m.v. þær reglur sem gilda í viðkomandi sjóði. Þetta ákvæði á þó ekki við um sjóðsfélaga, sem þegar hafa fengið umtalsverða leiðréttingu á lífeyrisréttindum sínum með afturvirkum hætti vegna breytinga yfir í aldurstengda ávinnslu í öðrum lífeyrissjóði.

Skipti einstaklingur sem öðlast hefur rétt til greiðslu viðmiðunariðgjalds til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs í tilteknum sjóði um starfsvettvang, þannig að hann færist milli starfstengdra lífeyrissjóða, skulu sjóðir sem við honum tekur og gert hafa samkomulag um gagnkvæma skiptingu réttinda, veita honum rétt til greiðslu sama viðmiðunariðgjalds til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs með sömu réttindum og aðrir sjóðsfélagar í þeim sjóði.

Standi einstaklingur sem öðlast hefur rétt til greiðslu viðmiðunariðgjalds til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs í tilteknum sjóði og skiptir um starfsvettvang, þannig að hann færist milli starfstengdra lífeyrissjóða, frammi fyrir því að glata umtalsverðum réttindum við að færast til sjóðs sem veitir honum einungis aldurstengd réttindi, öðlast hann rétt til þess að greiða áfram lífeyrisiðgjöld til þess sjóðs þar sem hann hefur verði hjá til starfsloka óháð þeirri starfsgrein sem hann tilheyrir á hverjum tíma.

Komi til ágreinings milli sjóðsfélaga og viðkomandi lífeyrissjóðs varðandi fyrirkomulag réttinda við greiðslu iðgjalda til stigadeildar vegna umbreytingar kerfisins, getur sjóðsfélagi skotið slíkum ágreiningi til sérstakrar úrskurðanefndar lífeyrismála, sem samningaaðilar munu setja á laggirnar. Samningsaðilar munu setja sérstakar starfsreglur um skipan og starfsemi þessarar nefndar og skulu hafa um það samráð við stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða.

Reykjavík, 31. október 2005

